

Reglur um gestaaðild Hjálparsveitarinnar Tintron

1. Þeir sem mega sækja um gestaaðild verða að vera fullgildir félagar í annarri björgunarsveit og framvísa staðfestingu stjórnar sinnar sveitar, þess lútandi.
2. Umsókn um gestaaðild skal vera skrifleg og beint til stjórnar hjálparsveitarinnar.
3. Gestaaðild er veitt í eitt ár í senn.
4. Sá sem hefur gestaaðild, hefur rétt til að sækja almennt starf björgunarsveitarinnar og hefur áheyrnarrétt á fundum.
5. Sá sem hefur gestaaðild, hefur ekki atkvæðisrétt á aðalfundi, í nefndum eða flokkum.
6. Sá sem hefur gestaaðild, hefur ekki heimild til að vera í forsvari fyrir flokk eða hóp innan björgunarsveitarinnar.
7. Sá sem hefur gestaaðild, hefur ekki heimild til að vera umsjónarmaður björgunartækis björgunarsveitarinnar.
8. Sá sem hefur gestaaðild, skal sækja um námskeið til sinnar sveitar, vilji hann sækja námskeið með félögum Hjálparsveitarinnar Tintron.
9. Stjórn Hjálparsveitarinnar Tintron er heimilt að gera undantekningar á reglum þessum, ásamt því að afturkalla gestaaðild án fyrirvara.
10. Sá sem hefur gestaaðild fær ekki niðurgreiddan fatnað merktan Tintron.

Samþykkt á stjórnarfundum 6.3.2024